

Útþensla borga í Evrópu

Af landsvæðum jarðarinnar er Evrópa meðal þeirra sem hafa hæst hlutfall borgarbúa, en um 75 % Evrópubúa eiga heima í borgum. Menn hafa miklar áhyggjur af framtíð borganna í Evrópu. Nú er svo komið að meira en fjórðungur af landi ESB ríkjanna hefur verið lagður undir þær.

Árið 2020 munu u.þ.b. 80 % Evrópumanna búa á borgarsvæðum. Í sjö löndum verður hlutfallið 90 % eða hærra. Af þessum ástæðum hefur ásókn í land umhverfis borgirnar orðið gríðarmikil. Við sjáum öll á hverum degi hraðar og mjög greinilegar breytingar á landnotkun, þar sem eitt rekur sig á annars horn. Allar þessar umbyltingar breyta landslaginu og spilla umhverfinu í borgunum og nærsveitum þeirra með meiri hraða en nokkru sinni fyrr.

Borgirnar þenjast út og vegalendirnar milli þeirra styttest. Þessi þróun gerist með ýmsum hætti víðsvegar um Evrópu. Útþenslan er knúin áfram af breyttum lífsháttum og mikilli neyslu og er í sambandi við þá þróun oft talað um hömlulitla eða stjórnlausu útþensla borga (sbr. enska heitið "urban sprawl"). Gögn sem fyrir liggja sýna svo ekki verður um villst að útþensla borga í Evrópu á undanförunum fimmtíu árum hefur verið hömlulítill.

Sagt er að útþensla borga sé hömlulítill eða hömlulaus ef breytingar á hagnýtingu landsins eru örari en fólksfjölgunin á tilteknu svæði á tilteknu tímabili. Slík útþensla ætti með réttu nú á dögum að vera álitin eitt helsta vandamál borgarþróunar í Evrópu.

Nýleg rannsókn sem nær til allrar Evrópu sýnir áframhaldandi og hraða útþenslu borganna; meira en 5 % á einum áratug (Mynd 1), en það samsvarar þreföldu flatarmáli Luxemburgar. Þau svæði þar sem mest ber á þessu eru í löndum eða landshlutum þar sem byggðin er mjög þétt og einnig mikil efnahagsleg umsvif (Belgía, Holland, Suður- og Vestur-býskaland, Norður-Ítalía,

Parísarsvæðið) og/eða svæði þar sem efnahagslegur uppgangur hefur verið mjög mikill (Írland, Portúgal, Austur-býskaland og Mílanósvæðið). Stjórnlítill útþensla er einkum áberandi í löndum eða á svæðum sem notið hafa góðs af byggðastefnu ESB og byggðasjóðum. Ný þróunarmyndstur eru að koma í ljós, aðallega í smærri borgum eða í sveitahéruðum, meðfram umferðasjóðum og víða í strandhéruðum, einkum í grennd við árdali.

Stækkun borga í Evrópu hefur ávallt verið knúin áfram af fólksfjölgun. Hins vegar heldur hömlulítill útþensla borganna áfram af ýmsum ástæðum, jafnvel þar

sem lítill eða enginn þrýstingur er vegna fólksfjölgunar. Þessi þróun stafar af ásókn í nýja lífshætti, í úthverfum utan við miðborgirnar.

Þessi þróun á sér fjöldamargar hagrænar og félagslegar rætur. Gæði samgöngukerfa, verðmæti landsins, væntingar fólks í sambandi við húsakost o.fl., lýðfræðileg þróun, menningararfarir og ýmisskonar menningarlegar hömlur, aðdráttarafl borgarsvæðanna. Allt þetta hefur mikið um það að segja hvernig borgirnar þróast. Byggðasjóðir ESB, en þeim er ætlað að styrkja innviðauppbýgginguna, hafa ýtt undir útþensluna í takt við bættar samgöngur og það að



einstaklingarnir eru nú miklu meira á ferð og flugi en áður var.

Samkvæmt hlutarins eðli býr mikill fjöldi fólks saman á tiltölulega litlu svæði í borgunum. Þessu fylgja augljósir kostir er tengjast efnahagslegri og félagslegri þróun. Að sumu leyti getur þetta jafnvel

verið hagstætt umhverfinu. Sem dæmi má nefna að í borgum er landnýting iðulega betri og orkunotkun minni en í dreifbýli. Vinnsla borgarsorps og hreinsun borgarskólps er hagkvæmari vegna stærðarinnar, enda heyrta heilsuspillandi aðstæður, eins og til dæmis vegna mengaðs

drykkjarvatns, óhreinlætis og lélegra húsakynna að mestu leyti sögunni til borgum ESB landanna. Samt sem áður glíma borgarbúar á vissum svæðum ennþá við alvarlegan umhverfisvanda vegna hávaða, mikillar loftmengunar á vissum tímum, sorpvandamála,

Mynd 1 Hömlulítill útpensla borga og önnur notkun lands f. manngert umhverfi, 1990–2000



Heimild: Corine landþekjugagnagrunnurinn, EEA.

takmarkaðs aðgangs að ferskuvatni auk skorts á opnum svæðum.

Hins vegar veldur síaukin eftirsókn eftir búsetu í nýjum úthverfum, þar sem rýmra er um fólk, mjög vaxandi neyslu. Það rými sem hver einstaklingur hefur til ráðstöfunar í borgum Evrópu hefur tvöfaldast og vel það á undanförunum fimmtíu árum. Á síðastliðnum 20 árum hafa þéttbýlissvæði stækkað um 20 % víða í Vestur- og Austur-Evrópu, en á sama tíma hefur fólkinu ekki fjölgað nema um 6 %. Samgöngur (þ.e. það hve mikið fólk er á ferðinni) er eitt erfiðasta viðfangsefni þeirra sem skipuleggja borgirnar og sjá um rekstur þeirra. Umferðamannvirki spilla landinu á margan hátt. Jarðvegslokun sem gerir flóð ennþá viðsjárverri og sundurhlutun náttúrlegra svæða eru aðeins hluti þessa vanda.


Góðar samgöngur og auðvelt aðgengi eru mikilvægir þættir því án þeirra væri Evrópu ekki ein heild. Þetta tvennt stuðlar jafnframt mikið að bættum lífsgæðum einstaklinganna. Gert er ráð fyrir að fjöldi ekinna kílómetra á borgarsvæðum aukist um 40 % milli 1995 og 2030. Bílaeign er enn ekki jafnmikil í ESB-10 og ESB-15. Það á eftir að breytast og við það eykst umferðin enn.

Ef ekkert er að gert eykst öngþveiti á vegum verulega fram til 2010 og kostnaður sem rekja má til umferðatafa mun hækka og verða um 1 % af vergri landsframleiðslu ESB. Hins vegar ákvarða fleiri atriði en fjöldi ekinna kílómetra með bílum og lestum umfang umferðarmannvirkja. Skipulag og uppbygging þeirra þarf að vera liður í alþjóðlegu átaki þar sem

tekið er tillit til rauverulegra áhrifa þeirra fjármuna sem varið er til að skapa og viðhalda atvinnulífi borga og sveita. Þörf er á skipulagi sem tryggir jafnvægi og dreifingu uppbyggingar og dregur jafnframt úr skaðlegum umhverfisáhrifum.

En aðferðirnar og tólin til að hafa hemil á borgarútpenslunni eru mjög háð hinum ýmsu samverkandi stjórnsýslustigum, jafnt minnstu einingunum og þeim sem um er að ræða á efstu stigum evrópskrar samvinnu. Þetta á einkum við um hið mikla fjárflæði til fjárhagsáætlananna. Eins og nú er háttað málum tengist stefnumörkun í skipulagsmálum einkum lögmálum markaðarins. Nær væri að sú stefnumörkun endurspeglaði sýn á borgarþróun þar sem gert er ráð fyrir öllum umhverfislegum og félagslegum

Mynd 2 Helstu stig stefnumörkunar og aðgerða, studd af gögnum, upplýsingum og þekkingu



Heimild: EEA.

sjónarmiðum við rýmislega stefnumótun á öllum stigum mótunarferlisins, alveg frá afmörkun vandamála og mótun einstakra þátta til framkvæmdar og mats á seinni stigum. Þessu gæti fylgt margskonar ávinningur, þar á meðal:

- Samræming á öllum stigum stefnumörkunar (sjá Mynd 2);
- Efling samvinnu milli allra stofnana á öllum stigum;
- Öflug nýting byggðasjóða á vegum ESB í samræmi við umhverfisregluverk ESB,

til að afstýra eða draga úr hömlulausri úþenslu borganna;

- Átak á því sviði þar sem markaðurinn hefur brugðist og stuðlað að hömlulítilli útþenslu borganna, þ.e. með því að fylgjast með og bregðast við vísbendingum um verðlag lands, á borgarsvæðunum, umhverfis þau og milli þeirra;
- Að bera saman og dreifa upplýsingum um velheppnaða borgarþróun þar sem komið hefur verið í veg fyrir útþenslu;
- Græn svæði í borgunum.

Tilvísun

Umhverfisstofnun Evrópu (2006), *Urban sprawl in Europe – the ignored challenge*, skýrsla Umhverfisstofnunar Evrópu nr 10/2006, Umhverfisstofnun Evrópu, Kaupmannahöfn.

European Environment Agency
Kongens Nytorv 6
1050 Copenhagen K
Denmark

Tel.: +45 33 36 71 00
Fax: +45 33 36 71 99

Web: eea.europa.eu
Enquiries: eea.europa.eu/enquiries

